


Mótlæti

HENRY B. EYRING FORSETI

fyrsti ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu

Ég ber ykkur vitni mitt um að Guð faðirinn lifir. Hann markar leiðina fyrir hvert og eitt okkar svo að við getum slípað okkur og fullkomnað til að dvelja hjá honum.



Kæru systkin, það eru mér mikil og helg forréttindi að fá að tala til ykkar í dag. Ég bið þess að orð mín geti veitt ykkur lið og orðið ykkur hvatning.

Pótt líf okkar séu ólík, glímum við að minnsta kosti við einn sameiginlegan vanda. Við verðum öll að takast á við mótlæti. Þau tímabil koma, og stundum löng, að líf okkar virðist líða áfram átakalaust. En það virðist vera eðli mannlegs lífs að vellíðan vikur fyrir vanlíðan, tímabilum góðrar heilsu lýkur og ógæfan dynur yfir. Einkum þegar góðir tímar hafa varað nokkuð lengi getur sársauki eða

missir efnislegs öryggis leitt til ótta og stundum reiði.

Reiðin stafar að hluta til af þeirri tilfinningu að það sem gerist sé óréttlátt. Okkur fer að virðast hin góða heilsa og friðsæla öryggistilfinning sanngjörn og eðlileg. En þegar það hverfur getur vaknað tilfinning um óréttlæti. Jafnvel hugrakkur maður sem ég þekkti grét og í líkamlegri þjáningu sinni hrópaði hann til þeirra sem þjónustuðu hann: „Ég hef alltaf reynt að vera góður. Hvernig gat þetta gerst?“

Þessi sára þrá eftir svári við spurningunni „Hvernig gat þetta gerst?“ verður jafnvel enn sárari, þegar baráttan snýst um ástvini okkar. Og enn erfiðara virðist okkur að taka því þegar þeir sem þjást virðast saklausir. Þá getur nauð okkar skekið trú okkar á raunveruleika elskandi og almáttugs Guðs. Sum höfum við séð slíkar efasemdir hafa áhrif á heila kynslóð manna á styrjaldar- eða hörmungartímum. Slíkar efasemdir geta vaxið og breiðst út, þar til sumir snúa frá Guði sem þeir saka um áhugaleysi eða grimmd. Og ef ekki er hugað að þessum tilfinningum, geta menn

missst trúna á að Guð sé til.

Tilgangur minn í dag er að fullvissa ykkur um að himneskur faðir og frelsarinn lifa og að þeir elska allt mannkyn. Sjálf tækifærin sem við fáum til að mæta mótlæti og þrengingum sýna einlæga elsku þeirra. Guð gaf okkur gjöf jarðlífsins svo að við yrðum undir það búin að taka móti mestu allra gjafa Guðs, sem er eilíft líf. Andar okkar munu breytast. Við förum að þrá það sem Guð þráir, hugsa eins og hann hugsar, og verða þannig undir það búin að okkur sé treyst fyrir óendanlegum niðjum, að kenna þeim og leiða gegnum prófraunir og ala upp þannig að þeir verði hæfir fyrir eilíft líf í eilífðunum.

Ljóst er að til þess að við getum öðlast þá gjöf og það traust verður að umbreyta okkur með réttlátu og erfiðu vali. Við verðum undir slíkt traust búin þegar við göngum í gegnum erfiða og þunga reynslu í þessu lífi. Þá menntun hljótum við aðeins þegar við þolum raunir, samtímis því að þjóna Guði og öðrum.

Þessi menntun felur í sér ógæfu og hamingju, veikindi og góða heilsu, hryggð syndarinnar og gleði fyrirgefningarinnar. Sú fyrirgefning fæst aðeins fyrir óendanlega friðþægingarförn frelsarans, sem hann færði með kvölum sem við fengjum ekki afborið, og sem við getum aðeins að litlu leyti skilið.

Það hughreystir okkur, þegar við bíðum í örvæntingu eftir þeirri líkn frelsarans og loforði, að hann viti, af reynslu, hvernig lækna má okkur og hjálpa. Mormónsbók veitir okkur ákveðna fullvissu um kraft hans og

huggun. Og trú á þá staðreynd mun veita okkur þolinmæði meðan við biðjum, vinnum og biðum eftir hjálpinni. Hann gæti hafa fengið að vita með opinberun hvernig hann gæti hjálpað okkur, en hann kaus að læra það af eigin reynslu. Hér er frásögn Alma:

„Og hann mun ganga fram og þola alls kyns sársauka, þrengingar og freistingar. Og svo mun verða, til að orðið megi rætast, sem segir, að hann muni taka á sig sársauka og sjúkdóma fólks síns. Og hann mun líða dauða til að leysa helsti dauðans, sem fjötrar fólk hans. Og hann mun kynnast vanmætti þess, svo að hjarta hans fyllist miskunn samkvæmt holdinu, svo að hann megi vita í holdinu, hvernig fólk hans verður best liðsinnt í vanmætti þess. Nú veit andinn alla hluti, en samt þjáist sonur Guðs að hætti holdsins til að geta tekið á sig syndir fólks síns og þurrkað út lögmálsbrot þess í krafti frelsunarverks síns. Og sjá, þetta er vitnisburðurinn, sem í mér er.“¹

Þegar þið finnið sannleikann um getu Drottins og góðvild til að bjarga ykkur í raunum ykkar, getur samt reynt á hugrekki ykkar og styrk til að standast. Spámaðurinn Joseph Smith hrópaði í angist í fangelsinu:

„Ó Guð, hvar ert þú? Og hvar er tjaldið, sem hylur skýli þitt? Hversu lengi munt þú halda að þér hendi þinni og hversu lengi mun auga þitt, hið hreina auga þitt, horfa frá hinum eilifu himnum á rangindi þau, sem fólk þitt og þjónar þínir eru beittir, og eyra þitt daufheyrast við ákalli þeirra?“²

Svar Drottins hefur hjálpað mér og getur hughreyst okkur öll á myrkum stundum:

„Sonur minn, friður sé með sál þinni. Mótlæti þitt og þrengingar munu aðeins vara örskamma stund.

Og ef þú stenst það vel, þá mun Guð upphæfja þig í upphæðum. Þú munt fagna sigri yfir öllum óvinum þínum.

Vinir þínir standa með þér og þeir munu hylla þig aftur með heitu hjarta og hlýjum höndum.

Enn ert þú ekki sem Job. Vinir þínir berjast hvorki gegn þér né saka þig um afbrot, eins og þeir gjörðu við Job.“³

Ég hef séð trú og hugrekki streyma frá vitnisburði um þann sannleika, að verið sé að búa okkur undir eilíft líf. Drottinn mun bjarga dyggum lærisveinum sínum. Og sá lærisveinn, sem tekur raunum sínum sem boði um að þroskast og þannig verða hæfur fyrir eilíft líf, hann getur fundið frið í miðri baráttunni.

Ég talaði nýlega við ungan föður sem misst hafði vinnu sína í núverandi efnahagserfiðleikum. Hann veit að hundruð þúsundir manna, einmitt með sömu menntun og hann, leita í örvæntingu að vinnu til að framfleyta fjölskyldu sinni. Hljóðláttraust hans varð til þess að ég spurði hvernig hann hefði orðið svo öruggur um að finna leið til framfærslu fjölskyldunnar. Hann sagðist hafa skoðað líf sitt til að vera öruggur um að hann hefði gert allt sem hann gat til að reynast verðugur hjálpar Drottins. Greinilegt var að þörf hans og trú á Jesú Krist leiddi hann til hlýðni við boðorð

Guðs þegar erfitt reyndist. Hann sagðist hafa uppgötvað tækifærið þegar hann og kona hans voru að lesa í Alma, þar sem Drottinn hafði undirbúið fólk, þannig að það fyndi fagnaðarerindi gegnum mótlæti sitt.

Þið minnst þess þegar Alma sneri sér að manninum sem leiddi þetta fólk og sagði að það hefði verið ofsótt og því hafnað vegna fátæktar sinnar:

„Og þegar Alma heyrði þetta, sneri hann sér við og horfði beint framan í hann og sá sér til mikillar gleði, að þrengingar þeirra höfðu í raun gjört þá auðmjúka og að þeir voru undir það búnir að heyra orðið.

Þess vegna sagði hann ekkert frekar við hina í mannfjöldanum, heldur rétti hann fram höndina og hrópaði til þeirra, sem hann sá og sem voru raunverulega iðrandi og sagði við þá:

Ég sé, að þið eruð af hjarta lítillátir, og blessaðir eruð þið, ef svo er.“⁴

Ritningin heldur áfram að lofa þá okkar sem hafa búið sig undir mótlæti á velmegunartímum. Mörg ykkar höfðu trú til að reynast verðug þeirrar hjálpar sem þið nú þarfnist áður en ósköpin dundu yfir:

„Já, sá sem sannlega auðmýkir sig og iðrast synda sinna og stendur stöðugur allt til enda, sá hinn sami mun blessaður—já, miklu ríkulegar blessaður en þeir, sem neyðast til auðmýktar vegna sárrar fátæktar sinnar.“⁵

Þessi ungi maður sem ég ræddi við hafði gert meira en aðeins að safna matvælum og smávarasjóði til mögru árána, sem lifandi spámenn

hafa varað okkur við að kæmu. Hann tók að undirbúa hjarta sitt til að reynast verðugur hjálpar Drottins, sem hann vissi að hann í náninni framtíð myndi þarfnast. Þegar ég spurði konu hans, daginn sem hann missti vinnuna, hvort hún hefði áhyggjur, svaraði hún glaðlega: „Nei, við vorum að koma af skrifstofu biskupsins. Við greiðum fulla tíund.“ Það er of snemmt að segja, en mér fannst ég öruggur líkt og þau: „Að þetta myndi ganga.“ Erfiðleikarnir veiktu ekki trú þeirra; þeir reyndu á hana og styrktu hana. Og friðinn sem Drottinn lofaði hafa þau þegar fundið mitt í storminum. Önnur kraftaverk hljóta að fylgja á eftir.

Drottinn lagar alltaf líkn sína að hinum þurfandi, að hún styrki þá og hreinsi þá. Oft kemur hún með innblæstri um að gera það sem gæti virst mjög erfitt þeim sem hjálpina þarfnast. Ein mesta raun lífsins er að missa ástkæran eiginmann eða eigin konu. Hinckley forseti lýsti sársaukanum þegar systir Hinckley var ekki lengur við hlið hans. Drottinn þekkir þarfir þeirra sem verða aðskildir frá ástvini vegna andláts. Hann sá sársauka ekknanna og þekkti þarfir þeirra af eigin jarðneskri reynslu. Kvalinn á krossinum bað hann ástkæran postula sinn að annast ekkjuna móður sína sem nú missti son sinn. Hann finnur þarfir eiginmanna sem missa konur sínar og þarfir eiginvenna sem nú standa einar.

Flest þekkjum við ekkjur sem þarfnast athygli. Það snertir mig að heyra, eins og ég hef gert, um aldraða ekkju sem ég ætlaði að heimsækja

aftur, sem fékk innblástur um að heimsækja unga ekkju og hugga hana. Ekkjan sem þarfnast sjálf huggunar var send til að hugga aðra. Drottinn hjálpaði og blessaði tvær ekkjur með því að blása þeim í brjóst að hugga hvor aðra. Þannig hjálpaði hann þeim báðum.

Drottinn sendi hjálp á sama hátt til hinna auðmjúku og fátæku í Alma 34, sem tekið höfðu á móti kennslu og vitnisburði þjóna hans. Þegar þau höfðu iðrast og snúist til trúar voru þau enn fátæk. En hann sagði þeim að gera fyrir aðra það sem þau gætu með réttu talið ofar eigin getu og sem þau enn þörfuðust. Þau áttu að veita öðrum það sem þau gætu vonast eftir að hljóta frá honum. Með þjóni sínum gaf Drottinn þessum fátæku trúskiptingum þetta erfða verkefni og ströngu reglu: „Ef þið, eftir að hafa gjört allt þetta, snúið hinum þurfandi frá eða hinum klæðlausu og vitjið ekki hinna sjúku og aðþrengdu, og gefið ekki af því, sem þið eigið, til þeirra, sem þurfsandi eru—ég segi ykkur, ef þið gjörðið ekkert af þessu, sjá, þá er bæn ykkar til einskis og gjörir ykkur ekkert gagn, og þið eruð sem hræsningar er afneita trúnni.“⁶

Þetta kann að virðast stór bón til fólks sem sjálft var í mikilli þörf. En ég veit um einn ungan mann sem fékk innblástur um að gera einmitt þetta snemma í hjónabandi sínu. Hann og kona hans komust naumlega af, á lágum launum sínum. En hann sá önnur hjón sem voru enn fátækari en þau. Hann veitti þeim hjálp af naumum efnum sínum.

Meðan þau voru enn fátæk fundu þau þá blessun friðar sem heitið er. Blessun velmegunar, langt umfram heitustu drauma þeirra, kom síðar. Og sá háttur, að sjá um einhvern þurfandi, einhvern með minna eða í kvöl, hefur ætíð haldist.

Enn er önnur raun, og ef við stöndumst hana vel getur hún fært okkur blessanir í þessu lífi og að eilífu. Aldur og veikindi geta reynt á hin bestu okkar. Vinur minn þjónaði sem biskup þegar dætur mínar voru enn heima. Þær ræða enn um hvernig þeim leið þegar hann gaf einfaldan vitnisburð sinn við varðeldana uppi á fjöllum. Hann elskaði þær og þær vissu það. Hann var leystur af sem biskup okkar. Hann hafði þjónað áður sem biskup. Þeir sem ég hef hitt og voru í þessari fyrri deild minnast hans eins og dætur mínar gera.

Ég heimsótti hann öðru hverju á heimili hans til að þakka honum og veita honum prestdæmisblessun. Heilsu hans hrakaði smátt og smátt. Ég man ekki allt sem hann þjáðist af. Hann þarfnast aðgerðar. Hann var með stöðugar kvalir. Alltaf þegar ég kom og reyndi að hughreysta hann sneri hann blaðinu við. Ég var alltaf sá sem huggun fékk. Hann var slæmur í baki og fótum og varð að nota staf þegar hann gekk. Samt kom hann í kirkju, sat alltaf nærri dyrunum svo að hann gæti heilsað með brosi þeim sem komu snemma.

Ég gleymi aldrei undruninni og aðdáuninni sem ég fann þegar ég lauk upp dyrunum heima hjá mér og sá hann koma eftir heimkeyrslunni. Það var daginn sem við settum út

tómu dósirnar okkar svo þær yrðu hirtar. Ég hafði sett þær út um morguninn. En þarna var hann og dró pokann með dósunum upp hæðina með annarri hendi. Hann notaði stafinn með hinni hendinni til jafnvægis. Hann veitti mér þá hjálp sem ég þarfnaðist þótt hann þyrfti enn meir á hjálp að halda. Og hann gerði það brosandí og án þess að vera beðinn.

Ég heimsótti hann þegar hann loks þarfnaðist umönnunar hjúkrunarfólks og lækna. Hann lá í sjúkrarúminu, enn kvalinn og enn brosandí. Kona hans hafði hringt í mig og sagt mér að honum væri að versna. Við sonur minn veittum honum prestdæmisblessun þar sem hann lá í rúminu, tengdur slöngum og flöskum. Ég innsiglaði blessunina með loforði um að hann hefði tíma og styrk til að gera allt sem Guð ætlaði honum að gera í þessu lífi, til að standast sérhverja prófraun. Hann rétti út hönd sína og greip mína þegar ég sneri frá rúmi hans og ætlaði að

fara. Ég undraðist handstyrk hans og rödd hans þegar hann sagði: „Ég ætla mér að ná því.“

Ég fór með þá hugsun að ég sæi hann aftur fljótlega. En síminn hringdi áður en sólarhringur hafði liðið. Hann var farinn á dýrðlegan stað, og þar mun hann sjá frelsarann sem er dómari hans og verður dómari okkar. Þegar ég talaði við útför hans, hugleiddi ég orð Páls er hann vissi að hann færi til þess staðar sem nágranni minn og vinur var nú farinn til.

„En ver þú algáður í öllu, þol illt, gjör verk trúboða, fullna þjónustu þína. Nú er svo komið, að mér verður fórnfært og tíminn er kominn, að ég taki mig upp. Ég hef barist góðu baráttunni, hef fullnað skeiðið, hef varðveitt trúna. Og nú er mér geymdur sveigur réttlætisins, sem Drottinn, hinn réttláti dómari, mun gefa mér á þeim degi. Og ekki einungis mér, heldur og öllum, sem þráð hafa endurkomu hans.“⁷

Ég tel víst að nágranni minni hafi

staðist raunir sínar og muni fá dóm sinn með gleði í hjarta. Ég ber vitni um að Guð faðirinn lifir. Hann setti stefnuna fyrir sérhvert okkar, að við gætum slípast og fullkomnast og verið með honum. Ég ber vitni um að frelsarinn lifir. Friðþæging hans gerir okkur mögulegt að hreinsast ef við höldum boðorð hans og helga sáttmála okkar. Og ég veit af eigin reynslu að hann getur og mun veita okkur styrk til að rísa ofar sérhverri raun. Monson forseti er spámaður Drottins. Hann hefur alla lykla prestdæmisins. Þetta er hin sanna kirkja Drottins þar sem við, ásamt honum, lyftum hvert öðru og hljótum þá blessun að styðja þá sem þjást með okkur og hann setur á leið okkar. Í nafni Jesú Krists, amen.

HEIMILDIR

1. Al 7:11–13.
2. K&S 121:1–2.
3. K&S 121:7–10.
4. Al 32:6–8.
5. Al 32:15.
6. Al 34:28.
7. 2 Tím 4:5–8.